



Varðandi:
Málsnúmer:
Dagsetning:

Ósk um endurnýjun bifreiðar fyrir ferðaþjónustu fatlaðra
1601443
23. febrúar 2016

SAMÞYKKT VELFERÐAR- OG MANNRÉTTINDARÁÐS

Á 32. fundi Velferðar- og mannréttindaráðs þann 3. febrúar 2016 var fjallað um erindi Kjartans Kjartanssonar, fyrir hönd Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Höfða, þar sem óskað er aðkomu Akraneskaupstaðar að endurnýjun sérútbúinnar bifreiðar sem notuð er í ferðaþjónustu fatlaðra á Akranesi. Bókun Velferðar- og mannréttindaráðs var svohljóðandi:

„Í bréfi frá 28. janúar 2016, óskar Kjartan Kjartansson, framkvæmdastjóri Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Höfða eftir aðkomu Akraneskaupstaðar að endurnýjun bifreiðar fyrir ferðaþjónustu fatlaðra á Akranesi skv. ákvæðum samstarfssamnings sveitarfélagsins og Höfða um rekstur þjónustunnar. Kostnaður við endurnýjun er áætlaður á bilinu 11-15 m.kr.

Velferðar- og mannréttindaráð lýsir sig meðmælt því að bifreiðin verði endurnýjuð og vísar erindinu til ákvörðunar bæjarráðs“.

GREINARGERÐ SVIÐSSTJÓRA

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Höfði hefur óskað eftir aðkomu Akraneskaupstaðar að endurnýjun bifreiðar fyrir ferðaþjónustu fatlaðra á Akranesi.


Ferðaþjónusta fyrir fatlaða, skv. 35. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, er einn þeirra þátta lögbundinnar þjónustu við fatlað fólk sem var á hendi sveitarfélagsins áður en málefni fatlaðra fluttust frá ríki til sveitarfélaga árið 2011.

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Höfði sinnir ferðaþjónustunni fyrir hönd Akraneskaupstaðar samkvæmt samningi um ferðaþjónustu fyrir aldraða og fatlaða frá 29. október 2001. Í samningnum er gert ráð fyrir að ferðaþjónusta fyrir aldraða og fatlaða sé rekin saman en reyndin er að reksturinn er því sem næst alveg aðskilinn.

Markmið ferðaþjónustu fatlaðra er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómstunda og sjá þeim fyrir akstri á þjónustustofnanir. Í samræmi við ákvæði laganna um að gjald fyrir þjónustuna skuli taka mið af gjaldi fyrir almennингssamgöngur á viðkomandi svæði er þjónustan veitt án gjaldtöku.

Samkvæmt ákvæðum 9. greinar samningsins um ferðaþjónustu fyrir aldraða og fatlaða á Akranesi bera rekstraraðilar kostnað af endurnýjun í hlutfalli við hlutdeild í rekstrarkostnaði síðasta rekstrarárs. Hlutdeild Akraneskaupstaðar í rekstri ferðaþjónustu fatlaðra árið 2015 var um 98%.

Sú bifreið sem notuð er í dag er frá árinu 2001 og er skráð eign dvalar- og hjúkrunarheimilisins. Viðhaldskostnaður fer vaxandi og komið hefur fyrir að ekki hefur verið hægt að sinna þjónustu vegna bilana. Kostnaður við endurnýjun er áætlaður á bilinu 11-15 m.kr. Álag á þjónustuna hefur farið vaxandi og því er reiknað með að keypt yrði bifreið með meiri flutningsettu.





Akraneskaupstaður

Í ljósi þess hve stór hluti kostnaðarins við bílakaup fellur á Akraneskaupstað er lagt til að Akraneskaupstaður kaupi bílinn til eignar og að samningur við Höfða um þjónustuna verði endurskoðaður með hliðsjón af breyttu fyrirkomulagi rekstursins. Þannig væri um eignfærða fjárfestingu að ræða en ekki gjaldfærslu.

Samþykkt velferðar- og mannréttindaráðs er hér með vísað til afgreiðslu bæjarráðs.



Jón Hrói Finnsson,
sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs